

Sveitarstjórn Dalabyggðar
Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar

Efni: Umsóknir um framkvæmdaleyfi til skógræktar á lögbýlum

Við skoðun mína á afgreiðslu Umhverfis- og skipulagsnefndar og Sveitarstjórnar Dalabyggðar á umsóknum um framkvæmdaleyfi til skógræktar á lögbýlum í Dalabyggð sé ég að afgreiðslan er oftast á tvo vegu, þ.e. annað hvort tengd stefnumótun sveitarfélagsins um nýtingu landbúnaðarlands eða skráningu fornminja. Í framhaldi þessarar skoðunar vil ég deila með ykkur nokkrum hugleiðingum mínum og óska ég eftir skriflegu svari við nokkrum spurningum. Hér að neðan vísa ég í dæmi um afgreiðslu úr fundargerðum á dalir.is.

Dæmi um algenga afgreiðslu umsókna

*„Nefndin leggur til við sveitarstjórn að ákvörðun um málið verði frestað þar til mótuð hefur verið stefna hjá sveitarfélaginu varðandi notkun á landi tengt landbúnaði samfara nýju aðalskipulagi.“
Gefin hafa verið út leyfi fyrir skógrækt í óræktanlegu landi undanfarið ár, en þar sem um ræktanlegt land er að ræða, þarf stefna sveitarfélagsins að liggja fyrir í aðalskipulagi.
Nefndin hvetur til þess að sú vinna fari af stað sem allra fyrst.“ (Umhverfis- og skipulagsnefnd 7. júní 2019)*

**Hvaða reglur liggja að baki því að ekki sé gefið út leyfi fyrir skógrækt á ræktanlegu landi ?
Eru engin framkvæmdaleyfi gefin út hjá Dalabyggð fyrir notkun á landi tengt landbúnaði ?**

Mér er kunnugt um að stefnumótunarvinna um nýtingu landbúnaðarlands sé í gangi.

Hvaða hugmyndir eru þar í umræðunni ?

Er hægt að fylgjast með þessari vinnu ?

Verður stefnan kynnt íbúum og/eða fá þeir að leggja eitthvað til málanna ?

Hvenær verður stefnan tilbúin ?

Skógrækt er búgrein og fellur undir landbúnað auk þess að vera í Bændasamtökum Íslands. **Skógrækt er ræktun** og hentar því vel á ræktanlegu landi auk þess að hafa gefist vel á „óræktanlegu“ landi. Skógrækt hefur að langmestu leyti verið stunduð á rýru landi á Íslandi. Skógrækt ætti að vera jafn rétthá öðrum búgreinum hvað varðar ræktun á ræktanlegu landi kjósi landeigendur svo. Skógrækt er vaxandi atvinnugrein á Íslandi. Á Íslandi er verið að byggja upp skógarauðlind sem skilar sveitarfélögum efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi.

Hefur afgreiðsla framkvæmdaleyfa hjá Dalabyggð verið byggð á sömu kröfum/reglum í skógrækt og öðrum búgreinum ?

Landnýting tekur breytingum og atvinnuvegir þróast og breytast. Fólki fjölgar sem tekur loftlagsmál alvarlega. Áhugi á skógrækt fer vaxandi m.a. til kolefnisbindingar, landbóta og atvinnu. Skógar auðga líf í ám og vötnum, auka gæði neysluvatns, miðla vatni og draga úr flóðum. Skógar stöðva jarðvegsrof, binda svifryk og draga úr hávaða. Skógar eru aðlaðandi til útivistar og umferð fólks um skóga eykst til útivistar og hreyfingar og svona mætti lengi telja. Markmið skógarbænda er að skila betra landi til komandi kynslóða. Íslendingar eru farnir að framleiða timbur fyrir innanlandsmarkað og við getum sem þjóð verið sjálfbær um timbur í komandi framtíð ef rétt er haldið á málum. Skógrækt er þolinmód atvinnugrein og hvert ár skiptir þar miklu máli. Ákvörðun um gróðursetningu skógarbænda á lögbýlum fyrir árið 2020 þarf að liggja fyrir í mars. Því er nauðsynlegt að leyfi fáið fyrir

þann tíma svo framkvæmdir geti hafist á árinu. Frestanir þýða hreint og beint tekjutap fyrir bændur, bæði í ársvexti trjána og beinum launum.

Ég skora á Umhverfis- og skipulagsnefnd og Sveitarstjórn Dalabyggðar að samþykkja nú þegar þær umsóknir sem settar hafa verið á bið. Og setji það í hendur landeigenda hvernig ræktun þeir stundi á jörðum sínum þegar sú ræktun uppfyllir kröfur um ábyrga landnotkun, sem skógrækt gerir.

Skógrækt er afturkræf framkvæmd sem hægt er að breyta í aðra landnotkun ef þörf krefur s.s. ef hún ógnar mataröryggi þjóðarinnar. Skógi er rutt á Íslandi á hverju ári fyrir aðra landnotkun s.s. vegi, byggð og matvælaframleiðslu.

Dæmi um afgreiðslu umsóknar – mál 1910024

„Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu og felur skipulagsfulltrúa að taka svæðið út.“ (Umhverfis- og skipulagsnefnd 1. nóvember 2019).

Viðkomandi framkvæmdaleyfisumsókn fylgdu öll nauðsynleg gögn frá landeigenda eins og greinargerð Skógræktarinnar um jörðina m.a. út frá viðmiðum varðandi flokkun lands.

Hver var þá tilgangurinn að svæðið væri tekið aftur út ?

Það er ávinningur af því að skógrækt á bújörðum sé stunduð í samstarfi við Skógræktina bæði fyrir skógarbóndann og sveitarfélagið. Þar er fagfólk í greininni sem vinnur að undirbúningi auk þess að skógarbændur fá fjármagn, ráðgjöf og stuðning. Skógrækt í samstarfi við Skógræktina er margfalt líklegri til að vera betur skipulögð, skila betri árangri og að fjármunir nýtist betur.

Sama mál ný afgreiðsla – mál 1910024

„Nefndin leggur til við sveitarstjórn að ákvörðun um málið verði frestað þar til mótuð hefur verið stefna hjá sveitarfélaginu varðandi notkun á landi tengt landbúnaði samfara nýju aðalskipulagi en vinna við endurskoðun þess hefst fljótlega í byrjun næsta árs.“ (Umhverfis- og skipulagsnefnd 5. desember 2019)

Málið er komið í sama farveg og það sem talað er um hér að framan. Sveitarstjórn hefur í þessum tilfellum samþykkt tillögur Umhverfis- og skipulagsnefndar.

Annað dæmi um algenga afgreiðslu umsókna

„Erindi samþykkt með fyrirvara um að afriti af samningi við Skógræktina verði skilað til skipulagsfulltrúa, samþykki landeigenda aðliggjandi jarða liggi fyrir og umsögn Minjastofnunar“ (Umhverfis- og skipulagsnefnd 8. ágúst 2019).

Í lögum um menningarminjar segir:

16. gr. Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda.

„Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi..... Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna.“ (Lög um menningarminjar nr. 80/2012).

Hversu langt er skráning fornleifa komin hjá Dalabyggð við gerð nýs aðalskipulags ?

Skógrækt í Dölum nú og í framtíð

Skógarbændur eru þó nokkrir í Dölum. Sumir hafa tekið hluta af landi sínu til skógræktar og stunda hana samfara öðrum búgreinum og/eða atvinnu. Skógrækt fer vel með öðrum búgreinum s.s. hefðbundnum búgreinum. Má þá t.d. nefna hagaskógrækt sem gefur góðan árangur ef rétt er að málum staðið. Skógur er skjól fyrir skepnur, skepnur sem ekki þurfa að berjast í vindi skila oft betri afurðum. Skógrækt sem viðbótarbúgrein styður við annan búskap og getur stuðlað að því að bæir haldist í byggð sem er afar mikilvægt fyrir okkur hér í Dalabyggð.

Bændur hafa áhuga á að kolefnisjafna búgrein sína og er skógrækt tilvalin til þess. Sauðfjár- og kúabændur hafa samþykkt tillögur um sérstakt kolefnisbindingaráttak og þar er skógrækt efst á blaði. Í könnun frá 2017 lýstu um 60% sauðfjárbænda áhuga á að stunda skógrækt með sauðfjárbúskap. Stjórnvöld hafa falið Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins í samstarfi við Landgræðsluna, skógræktina og sauðfjárbændur að sjá um framkvæmd námskeiðs um loftslagsvænan landbúnað, bæði samdrátt í losun og bindingu kolefnis (<https://www.bbl.is/frettir/frettir/loftslagsvaenni-landbunadur-raeddur-i-rikisstjorn/20847/> sótt 7. janúar 2020).

Sauðfjárbændur hafa áhyggjur af framtíð greinarinnar. Mikið hefur dregist saman og bændur velta fyrir sér að breyta landnotkun til að afla frekari tekna. Fé hefur fækkað og margir bændur þurfa ekki allt sitt land til sauðfjárræktar og horfa til þess að geta notað hluta þess t.d. til skógræktar.

Skógarkolefni er nýtt verkefni Skógræktarinnar um að koma á fót viðurkenndu ferli vottunar á bindingu kolefnis með nýskógrækt. Um er að ræða viðmið fyrir vottun og skráningu á kolefnisbindingu með nýskógrækt á frjálsum markaði. Almennir, stofnanir og fyrirtæki sem vilja leggja sitt af mörkum til loftslagsbættunnar og binda kolefni fá þannig fullvissu um bindingu sína (<https://www.skogur.is/is/nyskograekt/fraedsluefni/skogarkolefni>. Sótt 5. janúar 2020).

Þarna geta legið tækifæri fyrir þá sem vilja rækta skóg og skapa sér tekjur. Tækifæri sem ég trúí að margir bændur muni horfa til og þar verði sauðfjárbændur engin undantekning. Útlit er fyrir að fljótsprottnar trjátegundir í frjósömu landi geti skapað tekjur með þessu verkefni. Tekjurnar af gróðursetningu koma strax á fyrsta ári. Með því að tefja leyfisveitingu verða Dalamenn fyrir tekjutapi, bæði í beinum vinnulaunum en einnig vegna þess að tafir verða á því að framkvæmdin þ.e. gróðursetningin byrji að skila vöxtum, af ársvexti trjánna sem skapar tekjur fyrir kolefnisbindinguna.

Vænti ég þess að stjórnvöld í Dölum sýni stuðning í verki og greiði fyrir framkvæmdaleyfum þeirra sem vilja nýta sér þessa möguleika í skógrækt. En það yrði samfélaginu í Dalabyggð til framdráttar atvinnulega- fjárhagslega og félagslega og mun styrkja byggð í Dölum.

Lykilhlutverk sveitarfélaga í loftslagsmálum. Hyggst Dalabyggð setja sér loftlagsstefnu ?

Það eru einnig þó nokkrir skógarbændur sem hafa keypt jarðir í Dölum og stunda þar öfluga skógrækt og reka einnig ferðaþjónustu. En skógrækt er kjörin stuðningur við ferðaþjónustu. Þessir skógarbændur hafa gert upp mannvirki, byggt ný og breytt bæjum í myndarbylí auk þess að eiga þar sitt aðal- eða annað heimili. Þetta hefur aukið verðgildi jarða og þar með tekjur sveitarfélagsins s.s. í auknum fasteignagjöldum. Þessir skógarbændur hafa keypt ómælda vinnu og þjónustu af Dalamönnum. Má þar nefna verktakavinnu, gróðursetningu, vélaviðgerðir og verslun. Þessir skógarbændur hafa tekið þátt í samfélaginu og styrkt það á ýmsan hátt. Uppbygging á þessum jörðum hefur einnig stuðlað að því að mun fleiri bæir eru í byggð hluta eða allt árið. Einhverjir hafa lögheimili í Dalabyggð, við ættum að stuðla að því að sem flestir þeirra skrái lögheimili sitt hér. Þessir skógarbændur styrkja auk þess tengsla- og þekkingarnet annarra skógarbænda í Dalabyggð.

Er sveitarstjórn Dalabyggðar kunnugt um hversu mörg ársverk má rekja til skógræktar í Dölum ?

Skógrækt fylgja peningar inn í sveitarfélagið. Fleiri hafa áhuga á að hefja skógrækt í Dölum en hafa ekki fengið afgreiðslu sinna umsókna. Fólk hefur hætt við jarðakaup í Dölum vegna þessa. Það er afar mikilvægt að stjórnvöld í Dalabyggð leggi sig fram við að greiða götu þeirra sem vilja kaupa jarðir í Dölum til skógræktar. Hver jörð í byggð og notkun auðgar atvinnulífið, skapar tekjur og hefur jákvæð áhrif inn í samfélagið.

Ég hef séð blik í augum sveitarstjórnarmanna yfir væntanlegri ráðningu atvinnu-, ferða- og markaðsfulltrúa. Vonir eru bundnar við að atvinnulíf glæðist og fleira fólk flytji í Dalina. Ég bind líka

vonir við þetta starf, við þurfum fleira fólk og við getum alveg skapað þær aðstæður að fólk komi í Dalina. Það er góð fjárfesting og tækifæri í skógrækt fyrir fámenn byggðalög eins og Dalabyggð sem vinnur að því að laða að sér fólk. Tökum vel á móti fólki, löðum það til okkar með því að gefa því sjálfsákvörðunarrétt um það hvernig það nýtir landareignir sínar og hvaða atvinnu það vill byggja upp.

Það blæs stundum hraustlega í Dölum og Dalamenn þrá lognið eins og aðrir landsmenn. Skógrækt er besta og e.t.v. eina framkvæmanlega leiðin til að hefta vind utan þéttbýlis.

Það blæs líka stundum um mannlífið í Dölum. En ef öll dýrin í skóginum eru vinir þá gengur vel.

Eftir þessa skoðun mína á afgreiðslu umsókna um framkvæmdaleyfi í skógrækt fæ ég á tilfinninguna að Umhverfis- og skipulagsnefnd og Sveitarstjórn Dalabyggðar beri einhvern ótta í brjósti gagnvart skógrækt. **En er eitthvað að óttast. Öll umræða gefur einhver svör og getur leitt til fleiri möguleika.**

Ég mun með glöðu geði fylgja þessu bréfi eftir á fundi með Umhverfis- og skipulagsnefnd auk Sveitarstjórnar til að ræða þessi mál. Ef ég get leiðbeint ykkur kæra fólk í þessum málaflokki þá væri það mér sönn ánægja.

Við erum öll í sama liði hér í Dalabyggð – Við getum þetta saman

Með vinsemd og virðingu

***Bergþóra Jónsdóttir skógfræðingur,
skógar- og sauðffjárbóndi á Hrútsstöðum
og formaður Félags skógarbænda á Vesturlandi***